

Ed. **678. Nefndarálit** [237. mál]
um frv. til l. um breyting á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Félagsmálanefnd Ed. hefur fjallað um frv. og meðal annars sent það til umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Enn fremur hefur nefndin fengið á fund sinn ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum, sem tillögur eru gerðar um á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Steingrímur Hermannsson.

Alþingi, 7. maí 1976.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.	Steinþór Gestsson, fundaskr.	Jón Helgason.
Axel Jónsson.	Helgi F. Seljan.	Eggert G. Þorsteinsson.